

## REGLUGERÐ

### um (14.) breytingu á reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfi til veiða á hrefnu árin 2025, 2026, 2027, 2028 og 2029 skal veita þeim íslensku skipum, sem eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila, sem að mati ráðherra uppfylla neðangreind skilyrði. Eingöngu þeim skipum sem sérútbúin eru til veiða á stórhvölum er heimilt að taka þátt í veiðum á langreyði árin 2025, 2026, 2027, 2028 og 2029.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, til að öðlast þegar gildi. Sjá jafnframt viðauka sem birtur er sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

*Matvælaráðuneytinu, 4. desember 2024.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Kolbeinn Arnason.*

### **Fylgiskjal.**

#### VIÐAUKI

#### við reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar.

1. gr.

Leyfilegur heildaraflí á langreyði og hrefnu á árunum 2025, 2026, 2027, 2028 og 2029 skal nema þeim fjölda dýra sem kveðið er á um í veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Heimilt er að flytja allt að 20% af veiðiheimildum hvers árs yfir á næsta ár á eftir.

2. gr.

Viðauki þessi er settur samkvæmt 4. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, til að öðlast þegar gildi.